Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2551
komudagur 19.5. 2011

# Náttúruverndarsamtök Íslands

**Iceland Nature Conservation Association**

**Samgöngunefnd**
**Alþingi við Austurvöll**
**150 Reykjavík**

Reykjavík 19. maí 2011

Athugasemdir við Frumvap til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi (veglagning um Teigsskóg), 439. mál.

Náttúruverndarsamtök Íslands leggjast eindregið leið B sem mun liggja um Þorskafjörð að vestan og skera Djúpafjörð og Gufufjörð. Endurnýjun gamla vegarins eða jarðgöng undir Hjallaháls eru mun vænlegri valkostir út frá náttúruverndarsjónarmiðum og síst óhagkvæmari. Náttúruverndarsamtökin benda á að leið B hefur verið hafnað á tveimur dómsstigum. Bæði í Héraðdómi Reykjavíkur og í Hæstarétti.

Leið B er brýtur gegn lögum um vernd Breiðafjarðar, 54/1995, sbr. verndaráætlun fyrir Breiðafjörð, samþykkt af umhverfisráðherra 10. október 2001. Leirur og sjávarfitjar njóta auk þess sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Leið B er því ólögleg og óviðeigandi að alþingismenn leggi slík frumvörp fyrir Alþingi.

Náttúruminjaskrá, Skrá um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði, Válisti yfir fugla, Norrænn listi um mikilvæg strandsvæði og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun eru til marks um að leið B stangast á við samþykktir fagstofnana og stefnumótun stjórnvalda.

F.h. Náttúrverndarsamtaka Íslands,

Árni Finnsson.

Hringbraut 121
107 Reykjavík
Kt: 460697-2049

Sími/Fax: 551 2279
Netfang: nsi@mmedia.is
Veffang: www.natturuverndarsamtok.is